

Umhverfisstofnun
Áb. SP KLA ABS

28. júlí 2017
08:14:01

Tilv. 18/201707-157



Bonafide-lögmenn
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 26. júlí 2017
Tilv.: UMH17070038/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 17. júlí sl. f.h. Langanesbyggðar þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað við Bakkafjörð. Sótt er um að opna tímabundið gamla urðunarsvæðið við Bakkafjörð þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út. Fram kemur að deiliskipulag fyrir urðunarstaðinn sé í gildi, sbr. auglýsing nr. 669/2015 í B-deild Stjórnartíðinda.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sendi ráðuneytið erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með bréfi, dags. 18. júlí sl.

Í umsögn stofnunarinnar, dags. 26. júlí 2017, kemur fram að ráðuneytið hafi veitt Langanesbyggð tímabundna undanþágu frá starfsleyfi hinn 15. ágúst 2016 til 1. maí 2017. Undanþágan hafi ekki verið nýtt heldur hafi heimilisúrgangi verið ekið á urðunarsvæði Vopnafjarðar. Umhverfisstofnun hafi veitt umsögn til ráðuneytisins hinn 9. ágúst 2016 vegna fyrri umsóknar Langanesbyggðar um undanþágu frá starfsleyfi. Stofnunin hafi ekki lagst gegn því að ráðuneytið veitti umbeðna undanþágu. Nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn við Bakkafjörð sé til vinnslu hjá Umhverfisstofnun en umsókn hafi borist hinn 24. júní 2016. Vinnsla starfsleyfisins hafi verið í bið hjá stofnuninni þar sem í ljós hafi komið að starfsleyfi útgefið af Matvælastofnun væri í gildi sem heimilaði þurkhjalla, þ.e. matvælaframleiðslu innan 500 metra frá urðunarstaðnum. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 skuli urðunarstaðir m.a. ekki vera nær matvælaframleiðslu og íbúðahúsnaði en sem nemur 500 metrum. Sveitarstjóri Langanesbyggðar hafi sent rekstraraðila bréf þar sem farið er fram á að þurkhjallarnir verði fjarlægðir en þeir standa á landi sveitarfélagsins. Við gerð starfsleyfisins hafi jafnframt komið í ljós að íbúðarhúsnaði sé að finna í nærliggjandi 500 metra fjarlægð frá urðunarstaðnum. Umhverfisstofnun hafi hinn 17. júlí sl. borist beiðni um að starfsleyfið verði veitt með undanþágu frá 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003, en stofnuninni er heimilt í starfleyfi, þegar ríkar ástæður mæla með og fenginni umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar, að víkja frá þessum mörkum með hliðsjón af jarðfræði, landslagi og veðurfari á urðunarstað, magni úrgangs, tegundum fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, flokki urðunarstaðar og frágangi á urðunarstað. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjóra Langanesbyggðar muni urðunin sjálf ekki fara fram á því svæði sem næst er íbúðabyggð. Líkt og fram komi í umsókn hefur urðunarsvæði Vopnafjarðar ekki tekið við úrgangi frá Langanesbyggð síðan 1. júlí sl. og hafi úrgangur því safnast upp með ónæði fyrir íbúa og gesti svæðisins. Umhverfisstofnun mæli með því að veita undanþágu frá starfsleyfi þar til nýtt starfsleyfi verið gefið út að uppfylltum

tilteknum skilyrðum.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í fór með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr laganna. Í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um að móttökustöð fyrir úrgang skuli hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar, í ljósi aðstæðna og í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs veitir ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir að opna og nota tímabundið gamla urðunarsvæðið við Bakkafjörð.


Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Langanesbyggð skal eftir því sem við á starfa samkvæmt fyrra starfsleyfi; Starfsleyfi fyrir urðunarstað Skeggjastaðahrepps við Bakkafjörð, sem gefið var út af Hollstuvernd ríkisins 5. september 2002.
2. Langanesbyggð skal starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og annarra reglugerða sem við eiga um rekstur urðunarstaðarins.
3. Framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.
4. Urðun skal ekki fara fram á því svæði sem næst er íbúðabyggð.


Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. janúar 2019.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



William Freyr Huntingdon-Williams

Afrit:
 Langanesbyggð
 Umhverfisstofnun
 Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra